

Fundargerð Stjórn FHA

Haldinn fimmtudaginn 17. september 2009 að Sólborg

Boðaðir voru stjórnarmenn, varamenn og framkvæmdastjóri, auk þess sem Elísabet Hjörleifsdóttir var kölluð inn á fundinn í fyrsta fundarlið: Helgi Gestsson (HG), Páll Björnsson (PB), Erlendur Steinar Friðriksson (ESF), Finnur Friðriksson (FF), Hjördís Sigursteinsdóttir (HS), Elísabet Hjörleifsdóttir (EH) og Kjartan Ólafsson (KÓ) kom inn á fund í lokin. Arnheiður Eyþórsdóttir og Kristín Guðmundsdóttir boðaði forföll. Hjördís Sigursteinsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Kynning á starfi í rannsóknaleyfisnefnd og háskólaráði

EH kynnti starfið í háskólaráði síðastliðinn vetur. Í máli sínu var henni tíðrætt um niðurskurðinn á rannsóknamissurum og hvernig ákvörðun um hann hefði verið tekin einhliða af skólayfirvöldum og einfaldlega verið kynnt án umræðu. Jafnframt sagðist hún hafa látið gera sér bókun hjá háskólaráði vegna þessa.

EH kynnti einnig starfið í rannsóknamissurisnefnd en hún er tilnefnd af rektor í þá nefnd. Í nefndinni eru skýrar línur hvernig úthlutun á sér stað. Þegar nýjar reglur voru settar um rannsóknamissur voru þær ekki bornar undir neinn.

Umræður urðu um að skoða þyrfti rannsóknamissur í samhengi við annan sparnað. Elísabet benti á stöðu aðjúntka gagnvart rannsóknamissurum og það sé eitthvað sem þurfi að skoða betur. Að mati Elísabetar verður að leggja áherslu á að þeir sem fari í rannsóknamissur hafi a.m.k. hæfnisdóm.

Ákveðið var að ganga í það að fá upplýsingar um hverjir sætu í rannsóknaleyfisnefnd núna og af hverjum þeir voru tilnefndir. Einnig voru fundarmenn sammála um að FHA þurfi að vera virkur þátttakandi í umræðum og með í því að móta nýja stefnu varðandi rannsóknamissur sem og þær sparnaðaraðgerðir sem framundan eru.

2. Opinn félagsfundur (þessi liður var tekinn framfyrir kjaramál)

Rætt var um tímasetningu og dagskrá á opnum fundi með félagsmönnum. Ákveðið var að yfirskrift fundarins yrði **Kjör starfsmanna í ljósi fyrirhugaðra sparnaðaraðgerða**. Skoða að fá inn á fundinn kynningu hvað er að gerast í háskólaráði nú, smá kynningu frá trúnaðarmönnum, stöðu í kjaramálum og fyrirhugaðan niðurskurð. Tillaga kom um að fundurinn yrði haldinn annað hvort miðvikudaginn 23. eða 24. sept. í hádeginu og að hádegismatur yrði í boði félagsins. HS var falið að skoða með hádegismat og bóka stofu og fá viðkomandi aðila til að koma inn á fundinn. Jafnframt var ákveðið að óska eftir því við rektor að hann sæti þennan fund.

3. Kjaramál

HG sagði frá að mikið væri að gerast í kjaramálum þessa dagana um ekki neitt. Fundarboð kom frá Samninganefnd ríkisins en þar sem ríkið hefur ekki útskýrt hvernig staðið verði að niðurskurði í ríkisstofnunum hafa félög BHM metið það svo að ekki væri tímabært að hittast. Það tilboð sem kom frá SNR felur í sér 0,08% hækkun fyrir félagsmenn FHA. HG skýrði frá að ef opnað yrði inn á kjarasamninginn þá opnast einnig stofnanasamningurinn sem er ekki nægilega gott eins og staðan er í dag. Reyna beri að vernda stofnanasamninginn eftir bestu getu og spurning hvort það sem við eigum að semja um í kjarasamningnum og leggja áherslu á fullt samráð.

4. Önnur mál

Forstöðumaður skólaþróunarsviðs hefur óskað eftir fundi með formanni og framkvæmdastjóra FHA til að ræða mál starfsmanna. Ákveðið væri að Hjördís, trúnaðarmaður í Þingvallastræti, Erlendur Steinar, Helgi mæti á fundinn. Ef Helgi kemst ekki þá mun Kjartan fara í hans stað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:45